

Dróun og þekking í 20 ár

Við eigum afmæli!



Sí- og endurmenntun

Lykill að sterkri framtíð iðnaðarins

Nú eru stór tímamót

Á þessu ári stendur Iðan á merkum tímamótum og fagnar 20 ára afmæli. Á þessum tveimur áratugum höfum við byggt upp öflugt fræðslusetur sem hefur þróast í takt við þarfir iðnaðarins og samfélagsins alls.

Fjölbreyttni í fræðslustarfi Iðunnar er mikið og hefur farið vaxandi, bæði þegar kemur að inntaki og miðlunarleiðum. Þessi þróun er ekki tilviljun, heldur bein afleiðing af breyttum kröfum vinnumarkaðarins og hraðri tækniþróun. Markmið okkar er einnig að mæta fólki þar sem það er statt og gera breiðum hópi kleift að auka þekkingu sína og hæfni með þeim leiðum sem henta hverjum og einum.

Starfsemin hefur vaxið jafnt og þétt. Á síðasta ári buðum við upp á um 500 námskeið og voru þátttakendur tæplega 5.000 talsins, en það er um 15% aukning frá árinu á undan. Þessar tölur segja sína sögu; þörfin fyrir símenntun er meiri en nokkru sinni fyrr.

Það er ábyrgð okkar í Iðunni að bregðast við þessari þörf. Við þurfum stöðugt að hlusta á atvinnulífið, fylgjast með þróuninni og tryggja að fræðslan sem við bjóðum upp á nýtist fólki í starfi. Hvort sem um er að ræða nýja tækni, breyttar kröfur eða nýjar áskoranir, þá er okkar markmið að vera skrefi á undan.

Starfsemi Iðunnar er víðtæk. Auk námskeiða sinnum við raunfærnimati, náms- og starfsráðgjöf og höldum utan um sveinspróf í 29 iðngreinum. Þörfin fyrir iðnmenntaða í samfélaginu er mikil og starfstækifærin næg. Því er ánægjulegt

að ásókn í iðnmenntun hefur farið vaxandi undanfarin ár. Raunfærnimatið hefur einnig reynst öflugt tæki sem hefur opnað mörgum leið til að fá færni sína metna, stýtt leiðina að sveinsprófi og þar með að starfsréttindum.

Alþjóðlegt samstarf er einnig lykilþáttur í okkar starfi. Með því að sækja þekkingu út fyrir landsteinana og taka þátt í alþjóðlegum verkefnum stuðlum við að því að fræðslan hér heima standist samanburð og sé í takt við það besta sem gerist erlendis.

Þegar við horfum fram á veginn er eitt ljóst; símenntun verður sífellt mikilvægari. Hún er forsenda þess að viðhalda hæfni, takast á við breytingar og tryggja samkeppnishæfni íslensks iðnaðar. Hún er líka lykill að persónulegri þróun hvers og eins.

Ég vil því sérstaklega hvetja ykkur til að kynna ykkur framboðið okkar og nýta þau tækifæri sem þar felast. Ekki síst vil ég minna á að nýta afmælisgjöfina til ykkar, því hún er til þess ætluð að styðja ykkur í að styrkja stöðu ykkar á vinnu- markaði og færa ykkur nýja þekkingu.

Við hjá Iðunni munum halda áfram að þróa okkar starf og styðja ykkur í að efla ykkar færni. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að tryggja að við séum tilbúin fyrir framtíðina.

Ég óska ykkur velgengni í námi og starfi!



Vilborg Helga Harðardóttir

Vilborg Helga Harðardóttir,
framkvæmdarstjóri Iðunnar



Við viljum gefa þér afmælisgjöf!



Skannaðu kóðann
og skoðaðu námskeiðin


Í tilefni af 20 ára afmæli Iðunnar fær félagsfólk fræðslusetursins frítt vefnámskeið að eigin vali.

- Farðu á idan.is og finndu vefnámskeið sem þú vilt sækja
- Ýttu á skráningu og veldu gjafabréf sem greiðslumáta
- Ef að þú ert félagi í Iðunni þá birtist gjafabréf sjálfkrafa í skráningarferlinu. Athugið að nauðsynlegt er að vera innskráður til að gjafabréfið birtist þar sem það er tengt við þinn aðgang,
- Gjafabréfið gildir fyrir öll vefnámskeið.

Góða skemmtun og njóttu gjafarinnar!

Dróun og þekking í 20 ár

Afmælisnámskeið



Fusion 360

Lærðu að hanna í þrívídd með einu vinsælasta verkfæri iðnaðarins í dag. Farið er í grunnatriði og uppbyggingu móðela, svo þú getir þróað hugmyndir frá fyrstu skissu yfir í tilbúna hönnun.



Premiere Pro frá A-Ö

Allt sem þú þarft til að verða fagmaður í myndvinnslu. Þú lærir handtökin frá grunni. Að klippa, hljóðsetja og fullvinna myndskleið á faglegan hátt til birtingar í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum.



OneDrive fyrir algjöra byrjendur

Fullkomið fyrir þá sem vilja ná betri tókum á skjálausnum. Lærðu að vista, deila og skipuleggja skjöl á einfaldan og öruggan hátt.



Steinsteypa – frá hráefni til byggingar

Hvað þarf til að framleiða góða steinsteypu? Á þessu námskeiði færðu innsýn í hráefni, blöndur og notkun í mannvirkjagerð og hvað veldur niðurbroti og steypuskemmdum.



2006

Iðan stofnuð við sameiningu fjögurra fræðslumiðstöðva og verður öflug miðstöð sí- og endurmenntunar fyrir iðnaðinn.

2007

Raunfærnimat hefst og bílagreinar bættast við.



2008



Úrræði í boði fyrir atvinnulausa eftir hrunið: Þátttaka í fyrsta Íslands móti iðn- og verkgreina.

Iðan hlýtur starfsmenntaverðlaunin í flokki skóla og fræðsluaðila.

2009





Mannvirki í görðum

Hönnun og uppbygging garðamannvirkja frá A-Ö. Farið er yfir efnisval, útfærslur og hvernig útbúa má falleg og endingargóð útisvæði.



Heildstæð rör í rör kerfi

Kynntu þér nútímalegar lausnir í lagnakerfum. Farið er yfir uppbyggingu, uppsetningu og helstu kosti rör í rör kerfa.



LOGO - smáíðnstýringar

Grunnur í sjálfvirknivæðingu. Þú lærir að forrita og stýra einföldum iðnerfum með Siemens LOGO-iðntölvu og viðbótareiningum.



Inngangur að 3D prentun

Frá hugmynd að hlut. Lærðu hvernig 3D prentarar virka og hvernig hægt er að búa til eigin hönnun.



2010

604 nýsveinar þreyta sveinspróf. Iðan hefur haldið utan um námssamninga og framkvæmd sveinsprófa frá stofnun.

Iðunni falið að meta erlenda menntun og starfsreynslu.

2011



Iðan fær EQM gæðavottun. Námskeið sem halda íslensku handverki lífandi eru reglulega í boði.

2012



2013
Reglur um nemaleyfi, sveinspróf og ferilbækur samræmdar í 27 greinum.



Dróun og þekking í 20 ár

Afmælisnámskeið



3D skönnun

Skannaðu raunverulega hluti og breyttu þeim í stafrænt form. Nýttist í hönnun, viðgerðum og fjölmörgum iðngreinum.



Eigin úttektir í byggingaframkvæmdum

Lærðu að meta gæði framkvæmda og fylgja þeim eftir. Áhersla á faglegt mat og góða verkferla.




Figma frá A-Ö

Lærðu að nota eitt öflugasta hönnunartól samtímans á markaðnum. Þú lærir grunnatriðin í Figma, að búa til gagnvirka skjái fyrir vefsíður, farsímaforrit og önnur grafísk viðmót og vinna með teyminu þínu í rauntíma.



Hagnýt næringarfræði

Auktu þekkingu þína á næringarfræði og hvernig hægt er að nýta hana við matseðlagerð. Farið er yfir ráðleggingar um mataræði, innihald og næringargildi matvæla.





Sveppir og sveppatínsla í íslenski náttúru

Kynntu þér íslenska matsveppi, lærðu að þekkja þá, safna þeim, meðhöndla og geyma.



KIA rafbilar

Fáðu innsýn í tækni rafbila frá KIA. Uppbygging, viðhald og nýjustu lausnir í rafbílavæðingu.



Múrdæla – notkun og þrif

Hagnýt kennsla í notkun og viðhaldi múrdæla. Mikilvægt fyrir skilvirkar og öruggar framkvæmdir.



Enskunámskeið um sjálfbærni og stafræna umbreytingu

Bættu enskuna á sama tíma og þú kynnist lykilhugtökum framtíðarinnar – sjálfbærni og stafrænum lausnum.



2018

Stórt verkefni um raunfærnimat fyrir pólska innflytjendur.

Rafbiladegurinn haldinn.

2019

Myndver sett upp fyrir rafræna fræðslu.

Bakarar landsins læra um sýrdeigisbakterur.



2020


Kennsla fer á netið í heimsfaraldri og Iðan fær landsþekktu skemmtikrafta til að létta lund félagsfólks í samkomubanni.



2021

Sumarnámssamningar fyrir iðnnema í heimsfaraldri.





Fræðsla sem mótar framtíðina

Í tvo áratugi hefur Iðan verið leiðandi afl í fræðslu fyrir íslenskan iðnað. Frá stofnun hefur markmiðið verið skýrt: að efla þekkingu, styrkja fagmennsku og styðja við þróun iðngreinanna.

Í gegnum árin hefur starfsemin vaxið og þróast í takt við tímann með nýjum námskeiðum, stafrænum lausnum og fjölbreyttum verkefnum sem mæta þörfum samfélagsins.

Sífelld þróun og nýsköpun

Iðan hefur lagt ríka áherslu á að tengja saman fræðslu og raunveruleg verkefni. Hvort sem um er að ræða raunfærnimat, nýsköpun í iðngreinum eða stafræna kennslu, hefur markmiðið alltaf verið að gera námið aðgengilegt og hagnýtt.

Fólkið í forgrunni

Að baki öllu starfi Iðunnar stendur fjölbreyttur hópur nemenda, kennara og fagfólks. Þau eru hjartað í starfseminni og ástæðan fyrir því að Iðan heldur áfram að vaxa og dafna.

Horft til framtíðar

Með aukinni áherslu á sjálfbærni, stafræna umbreytingu og nýja tækni heldur Iðan áfram að þróa fræðslu sem skiptir máli fyrir einstaklinga, fyrirtæki og samfélagið í heild.



IDAN
fræðslusetur